

Bæjarstjórn - 32

## FUNDARBOÐ

**32. fundur bæjarstjórnar**  
**verður haldinn í bæjarstjórnarsal, fimmtudaginn 30. janúar 2025 og hefst**  
**kl. 17:00**

### Dagskrá:

#### Fundargerðir nefnda

- 1. 2501002F - Skipulagsnefnd - 26**  
Lögð fram fundargerð 26. fundar skipulagsnefndar.
- 2. 2411013F - Ungmennaráð - 6**  
Lögð fram fundargerð 6. fundar ungmennaráðs.
- 3. 2501003F - Bæjarráð - 29**  
Lögð fram fundargerð 29. fundar bæjarráðs.

#### Erindi til afgreiðslu/umsagnir

- 4. 1905032 - Samningur við Snæfell**  
Lögð fram drög að uppfærðum samstarfssamning við ungmennafélagið Snæfell. Æskulýðs- og íþróttanefnd tók samningin til umfjöllunar á 4. fundi sínum. Nefndin tók vel í samninginn og hvatti til þess að hann yrði kláraður sem fyrst.  
  
Bæjarráð samþykkti, á 29. fundi sínum, tilfærslu framlags milli ára vegna mótuneytis og samþykkti að vísa samningsdrögum með áorðnum breytingum til bæjarstjórnar.
- 5. 2501002 - Undanþágulisti vegna verkfalla**  
Lagður fram undanþágulisti fyrir sveitarfélagið Stykkishólm vegna verkfalla.  
  
Bæjarráð samþykkti, á 29. fundi sínum, undanþágulista fyrir Sveitarfélagið Stykkishólm vegna verkfalla og lagði til við bæjarstjórn að samþykkja hann.
- 6. 2311015 - Breyting á samþykkt um gatnagerðargjald, lóðagjald o.fl. í Sveitarfélaginu Stykkishólmi**  
Lögð fram breytingartillaga á samþykkt um gatnagerðargjald, lóðagjald o.fl. í Sveitarfélaginu Stykkishólmi.  
  
Bæjarráð lagði, á 29. fundi sínum, til við bæjarstjórn að samþykkja fyrirbyggjandi tillögu að breytingu á samþykkt um gatnagerðargjald, lóðagjald o.fl. í Sveitarfélaginu Stykkishólmi.

**7. 2501010 - Beiðni um staðfestingu - Reitarvegur 10**

Lögð fram beiðni frá Skipavík þar sem óskað er eftir staðfestingu sveitarfélagsins á túlkun sveitarfélagsins á deiliskipulagsskilmálum við Reitarveg þannig að hægt sé að ryðja úr vegi fyrirvörum/kvöðum samkvæmt fyrirbyggjandi kaupsamningi. Nánar tiltekið er óskað eftir staðfestingu sveitarfélagsins á því að lóð merkt ÞV á deiliskipulagi (Reitarvegur 10 samkvæmt deiliskipulagi) verði úthlutað eiganda núverandi Reitarvegur 10 (Kristjánsborg) gegn því skilyrði að húsið, Reitarvegur 10 (Kristjánsborg) sem er 152 fm. bárujárnsklætt timburhús og samkvæmt fasteignamati var byggt árið 1958, verði rífið og lóðin sem það stendur á renni til sveitarfélagsins.

Bæjarráð staðfesti, á 29. fundi sínum, að eigandi Kristjánsborgar samkvæmt kaupsamningi, fái lóð merkt ÞV á deiliskipulagi (Reitarvegur 10 samkvæmt deiliskipulagi), með því skilyrði að uppbygging á lóðinni hefjist innan 24 mánaða, að öðrum kosti fellur lóðin til sveitarfélagsins, nema um annað verði samið.

Bæjarráð vísaði afgreiðslu sinni til staðfestingar í bæjarstjórn.

**8. 2402027 - Lóðarumsóknir í Víkurhverfi**

Lagt er til að lóðin Imbuvík 4 verði auglýst laus til úthlutunar með 50% afslætti af gatnagerðargjöldum.

Bæjarráð samþykkti, á 29. fundi sínum, að lóðin að Imbuvík 4 verði auglýst til úthlutunar með 50% afslætti af gatnagerðargjöldum og vísaði afgreiðslu til staðfestingar í bæjarstjórn.

**9. 1912004 - Fundaáætlun bæjarstjórnar og bæjarráðs**

Lögð fram drög að fundaáætlun bæjarráðs og bæjarstjórnar fyrri huta árs 2025.

**10. 2402019 - Fjármála- og skrifstofustjóri - Prókúra**

Lögð fram umsókn um breytingu á prókúruhafa reikninga sveitarfélagsins.

**11. 1808022 - Minnispunktar bæjarstjóra**

Lagðir fram minnispunktar bæjarstjóra.

**12. 2410008 - Málefni Höfðaborgar - Trúnaðarmál**

Trúnaðarmál.

28.01.2025

Jakob Björgvin Jakobsson, bæjarstjóri.